

ÆVINTÝRI Á ÚLFLJÓTSVATNI

Drekaskátamót verður haldið helgina 10.-12. júní 2022

Hér eru hagnýtar upplýsingar um mótið:

1. Mæting í portinu á milli JB og DSÚ. Þar þarf fararstjóri að koma að innritunartjaldinu og skrá inn sitt félag. Fá þar boli og mótsmerki.
2. Tjaldsvæði mótsins er við hvítasunnufötina, við biðjum fólk að halda bílaumferð um svæðið í lágmarki. Þau félög sem vilja vera saman á flöt get sent línu á drekaskatamot@skatarnir.is og beðið um að vera með sínu vinafélagi í dagskrá og á tjaldflöt.
3. Félagið þarf að koma með sitt eigið matartjald og mataráhöld, við getum útvegað grill.
4. Við mælum með að þátttakendur komi með dagpoka fyrir vatnasafarísföt. Þá er auðveldara að fara með fötin milli dagskrábila.
5. Í boði er fyrir foringja að mæta á fimmtudagskvöldið eða snemma á föstudaginn til að setja upp matartjöld ef þess er óskað.
6. Fyrir hverja 10 drekaskáta sem félagið sendir á mótið fá þau niðurgreitt þáttökugjald fyrir einn foringja.
7. Félögin sjá um að skipuleggja hvernig skátarnir komast á mótið og hvernig mat og öðru er háttað innan félagsins, fyrir utan sameiginlega kvöldmáltíð á föstudags- og laugardagskvöldinu.
8. Dagskrá mótsins er í viðhengi, hún er gefin út með fyrirvara um breytingar.
9. Foringjar og fararstjórar þurfa einnig að skrá sig á [hér](#)
10. Fimmtudaginn 25. maí kl. 20:00 verður fararstjórafundur á BÍS. Þar munum við fara yfir hagnýtar upplýsingar fyrir mótið og getum svarað spurningum sem þið hafið. Við hvetjum alla fararstjóra til að mæta!

Að lokum viljum við biðja félögin um að hvetja skáta 16 ára og eldri í félaginu til að koma sem starfsfólk á mótið. Það hefur almennt verið mikil stemming hjá þeim sem koma og keyra dagskránnu á mótinu. Þau sem geta eru hvött til að mæta um kvöldið á fimmtudeginum (til að hjálpa við uppsetningu mótsins) og eru fram að kvöldmatarleyti á sunnudeginum. Á sunnudeginum verður verður boðið upp á kvöldmat fyrir allt starfsfólk sem hjálpar til við tiltekt á mótinu. Skráning fer fram á skraning.skatarnir.is.

Dagskrásvæði 1	Dagskrásvæði 2	Dagskrásvæði 3
Klifurturn	Vatnaþrautir	Bátar
Hoppukastalar	Vatnsbyssur	Popp
Þrautabraut	Svampa kast	Leikir
Bogfimi	Vatnasafari	Skátasafnið

Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
16:00 - Mæting, tjalda, kaffi, opin dagskrá 19:00 - Kvöldmatur 20:00 - Kvöldvaka/setning 21:00 - Kakó og kex 22:30 - Kyrrð	08:00 - Ræs, morgunmatur, morgunverk 09:30 - Tjaldbúðarskoðun 10:00 - Opin dagskrá / samfélagsverkefni 11:30 - Hádegismatur 13:00 - Dagskrábil 1 15:00 - Kaffi 16:00 - Dagskrábil 2 18:00 - Frjáls tími 18:30 - Kvöldmatur 20:00 - Kvöldvaka 21:00 - Næturleikur 22:00 - Kakó og kex 23:00 - Kyrrð	08:00 - Ræs, morgunmatur, morgunverk 09:30 - Tjaldbúðarskoðun 10:00 - Dagskrábil 3 12:00 - Hádegismatur 13:00 - Opin dagskrá / samfélagsverkefni 15:00 - Slit 15:15 - Tiltekt og brottför 16:30 - Allir farnir af svæði

